



Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 5. febrúar 2024
2003630/030.03 TGI

Reglur um innritun í sérdeildir fyrir einhverfa nemendur

Markmiðið með reglum um innritun og útskrift úr sérdeildum í grunnskólum Kópavogsbæjar er að gæta jafnræðis og vanda málsmeðferð.

Sérdeildir fyrir einhverfa nemendur eru starfræktar í Álfhólsskóla og Salaskóla. Deildirnar eru fyrir nemendur í 1.-10. bekk með með mikla stuðningsþörf þar sem almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda (sbr. 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).

1. Inntökuskilyrði:

Sérdeildirnar eru fyrir nemendur með dæmigerða einhverfu (F84.0) eða ódæmigerða einhverfu (F84.1) og hamlandi viðbótarröskun s.s. þroskahömlun eða óvirkniröskun, þar sem mat á stuðningsþörf (SIS) hefur verið framkvæmt eða samþykkt.

2. Umsóknarferli:

Forsjáraðilar geta sótt um skólavist í sérdeild fyrir börn sem uppfylla inntökuskilyrði og eru með lögheimili í Kópavogi telji þeir að þörfum barnsins verði ekki mætt í almennu skólaúrræði. Forsjáraðilar skulu heimsækja og kynna sér heimaskóla og starfsemi deildanna áður en umsókn er tekin fyrir.

3. Umsóknarfrestur:

Forsjáraðilar barns sækja um í sérdeild fyrir einhverfa nemendur í viðkomandi skóla vegna komandi skólaárs á þar til gerðu eyðublaði í þjónustugátt á [heimasíðu Kópavogsbæjar](#) fyrir 1. mars ár hvert. Greiningargögn og skýrslur leik- og/eða grunnskóla nemenda skulu fylgja með umsókninni.



4. Fagráð – starfshættir og mat á umsóknum:

Við sérdeildir starfa fagráð sem skipuð eru skólastjóra, umsjónarmanni sérdeildar og fulltrúa Menntasviðs Kópavogsbæjar. Fagráð hefur faglegt eftirlitshlutverk með starfi deildarinnar og fjallar um allar umsóknir sem berast til sérdeildarinnar. Fagráð sérdeildar fer yfir umsóknir, metur þær og kynnir sér umsækjendur og aðstæður þeirra í viðkomandi leik- eða grunnskóla. Allar athuganir fagráðs skulu gerðar í samráði við og með samþykki forsjáraðila sem skulu hafa samráð við barn sitt að teknu tilliti til aldurs þess og þroska.

a. Við mat á umsóknum skal tekið mið af:

- i. Fyrirliggjandi greiningu á fötlun nemandans frá viðurkenndum greiningaraðilum.
- ii. Mati á stuðningsþörf (SIS) frá Ráðgjafar- og greiningarstöð.
- iii. Mati á náms- og félagslegri stöðu nemandans og líðan.
- iv. Óskum forsjáraðila og nemanda að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- v. Mati á heildrænni þjónustupörf og réttindum í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008, reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 148/2015 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- vi. Samsetningu nemandahópsins í deildinni með tilliti til félagslegrar þátttöku og líðan umsækjanda.

- b. Fagráð gætir ávallt jafnræðissjónarmiða við mat og afgreiðslu umsókna. Ef umsóknir eru fleiri en ráðstöfunarpláss í deildunum, forgangsraðar fagráð þeim eftir því hve hamlandi vandinn er hjá umsækjendum og hve miklar stuðningsþarfir þeirra eru. Fagráð getur óskað eftir ráðgjöf frá utanaðkomandi sérfræðingum. Tillögur fagráðs um innritun vegna komandi skólaárs skulu liggja fyrir 1. apríl ár hvert.

5. Afgreiðsla umsókna:

Skólastjóri viðkomandi skóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar á grundvelli tillagna fagráðs og tilkynnir forsjáraðilum um niðurstöðuna skriflega. Ef umsókn er synjað skal fylgja með rökstuðningur og upplýsingar um að hægt sé að óska eftir frekari rökstuðningi frá fagráði. Forsjáraðilum skal einnig gefinn kostur á að tjá sig um synjunina og ef umsókn er synjað eftir rökstuðning forsjáraðila skulu þau upplýst um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008. Sé umsókn synjað vegna plássleysis í sérdeildum skal forsjáraðilum gefinn kostur á að halda umsókn inni til umfjöllunar síðar þegar pláss losnar.



Reglur um útskrift úr sérdeildum fyrir einhverfa nemendur

Útskrift úr sérdeild í almennt skólastarf grunnskóla

1. Telji nemandi, forsjáraðilar eða fagfólk sérdeildar að nemandi fái betur notið náms og kennslu við hæfi í almennt skólastarfi skal stuðningsteymi nemandans meta, í samvinnu við starfsfólk sérdeildar og fagráð deildarinnar, hvort nemandinn skuli útskrifast úr sérdeild í almennt skólastarf með stuðningi. Skólavist í sérdeild er val forsjáraðila svo forsjáraðilar geta ávallt óskað eftir útskrift úr sérdeild.
2. Nýtist nemandanum almenn kennsla í almennum námsúrræði meirihluta skólagöngunnar skal stuðningsteymi nemandans meta, í samvinnu við starfsfólk sérdeildar og fagráð deildarinnar, hvort nemandinn skuli útskrifast úr sérdeild í almennt skólastarf með stuðningi.
3. Fyrir 1. mars ár hvert skal stuðningsteymi nemandans meta, í samvinnu við starfsfólk sérdeildar og fagráð deildarinnar, hvort nemandinn skuli útskrifast úr sérdeild í almennt skólastarf með stuðningi.
4. Taki stuðningsteymi nemandans ákvörðun um að nemandi færast yfir í almennt skólastarf meðan á grunnskólagöngu stendur skal gera áætlun um lok skólavistar í sérdeild og aðlögun í almennt skólastarf. Að mótun og gerð áætlunarinnar koma nemandi, stuðningsteymi hans, starfsfólk sérdeildar, nýr umsjónarkennari og aðrir fagaðilar sem koma að námi og skólagöngu nemandans. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu m.a. koma fram upplýsingar náms- og félagslega stöðu nemandans, einstaklingsnámskrá, virkni og líðan. Í henni skal einnig vera áætlun um aðlögun í almennt skólastarf og eftirfylgd með nemandanum frá viðkomandi sérdeild.
5. Verði ágreiningur um útskrift nemanda úr sérdeild í almennt skólastarf tekur skólastjóri viðkomandi skóla endanlega ákvörðun sbr. 21. gr. reglugerðar um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskólum nr. 584/2010. Skal ákvörðun tekin með hliðsjón af álitni nemandans, forsjáraðila og fagfólks með heildarhagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ávallt skal reyna til þrautar að ná samkomulagi milli forsjáraðila, skóla og fagfólks. Forsjáraðilum nemanda skal gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum og andmælum áður en ákvörðun er tekin um að flytja nemanda yfir í almennt skólastarf. Sé ákvörðun tekin um að flytja nemanda yfir í almennt skólastarf skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til forsjáraðila. Ákvörðun skal vera rökstudd og forsjáraðilar upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.



Útskrift að loknu grunnskólanámi

1. Hefja skal gerð tilfærsluáætlunar um skólaskil ekki síðar en í 9. bekk.
2. Að mótun og gerð áætlunarinnar koma nemandi, stuðningsteymi hans og aðrir fagaðilar sem koma að námi og skólagöngu nemandans. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu koma fram upplýsingar um skólagöngu hans, náms- og félagslega stöðu, einstaklingsnámskrá, áform hans um frekara nám og áhugamál. Í áætluninni skal koma fram hvernig vali á framhaldsnámi/skóla er háttað, kynningum á þeim möguleikum sem fyrir hendi eru og aðlögun í nýjan skóla.

Útskrift vegna flutnings úr sveitarfélagi

1. Flytji nemandi frá Kópavogsbæ skal gera áætlun um lok skólavistar í sérdeild og aðlögun í skóla í nýju sveitarfélagi.
2. Að mótun og gerð áætlunar koma nemandi, stuðningsteymi hans og fagaðilar sem koma að námi og skólagöngu nemandans í nýju sveitarfélagi. Í áætluninni skal taka tillit til heildaraðstæðna nemandans og skulu m.a. koma fram upplýsingar náms- og félagslega stöðu nemandans, einstaklingsnámskrá, virkni og líðan.

Reglurnar eru settar á grundvelli 20. greinar reglugerðar nr. 585/2010, sbr. Einnig reglugerð nr. nr. 148/2015, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla.

Reglurnar taka gildi við staðfestingu mennta- og menningarmálaráðuneytis.